

Fullnægjandi umsókn vegna yfirstandandi árs  
þarf að hafa borist Skattinum 1. apríl ár hvert.

Umsókn verður afgreidd með skattframtali 2024.  
Niðurstaða birtist á álagningarseðli.

Vegna tekjuársins 2023

EES barnabætur

Fyrir börn sem ekki eru með varanlega heimilisfesti á  
Íslandi og eru á framfæri ríkisborgara ríkis innan hins  
Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings  
Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja

### A Upplýsingar um umsækjanda

Nafn*	Íslensk kennitala*	
Póstfang á Íslandi*	Póstnúmer og bær*	
Póstfang í búseturíki barns*	Póstnúmer og bær*	
Nafn maka/ummönnunaraðila*	Íslensk kennitala/fæðingardagur og ár	Búseturíki barns*

\* Reitir sem nauðsynlegt er að fylla út til þess að umsókn sé talin gild.

### B Hjúskaparstaða og nauðsynleg fylgigögn (vinsamlegast hakið í viðeigandi reiti)

<input type="checkbox"/> Gift(ur)	<input type="checkbox"/> Í sambúð	<input type="checkbox"/> Einstætt foreldri
<input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð barns/barna (Ef barn er fætt á Íslandi og/eða með íslenska kennitölu má í stað fæðingarvottorðs leggja fram vottorð um búsetu barns).	<input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð barns/barna (Ef barn er fætt á Íslandi og/eða með íslenska kennitölu þá þarf ekki fæðingarvottorð, sjá næsta lið).	<input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð barns/barna (Ef barn er fætt á Íslandi og/eða með íslenska kennitölu þá þarf ekki fæðingarvottorð, sjá næsta lið).
<input type="checkbox"/> Vottorð um búsetu maka og hjúskaparstöðu í árslok 2023.	<input type="checkbox"/> Vottorð um búsetu og hjúskaparstöðu í árslok 2023. Búsetuvottorð þarf að sýna hvar barn býr og með hverjum.	<input type="checkbox"/> Vottorð um búsetu og hjúskaparstöðu í árslok 2023. Búsetuvottorð þarf að sýna hvar barn býr og með hverjum.
<input type="checkbox"/> Tekjuvottorð/Staðfest afrit af skattframtali maka vegna tekjuárs 2023.	<input type="checkbox"/> Tekjuvottorð/Staðfest afrit af skattframtali maka vegna tekjuárs 2023.	<input type="checkbox"/> Tekjuvottorð/Staðfest afrit af skattframtali í búseturíki barns vegna tekjuárs 2023.
<input type="checkbox"/> Vottorð um greiðslu barnabóta í búseturíki barns vegna tekjuárs 2023.	<input type="checkbox"/> Vottorð um greiðslu barnabóta í búseturíki barns vegna tekjuárs 2023.	<input type="checkbox"/> Vottorð um greiðslu barnabóta í búseturíki barns vegna tekjuárs 2023.
<input type="checkbox"/> Ef báðir foreldrar búa á Íslandi, þarf að leggja fram vottorð um hjá hverjum barnið býr og kvittanir fyrir millifærslu fjármuna til umönnunaraðila barns.	<input type="checkbox"/> Ef báðir foreldrar búa á Íslandi, þarf að leggja fram kvittanir fyrir millifærslu fjármuna til umönnunaraðila barns.	<input type="checkbox"/> Kvittanir fyrir millifærslu fjármuna til umönnunaraðila.
		<input type="checkbox"/> Vottorð um forsjá barns.

Ath. - Oftast eiga einungis við reitir 2, 3 og 4. Þegar um er að ræða lífeyrisþega með greiðslur frá Íslandi (sjá skýringar á bakhlið).

### C Nöfn barna yngri en 18 ára sem eru á framfæri umsækjanda

Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur

### D Greiddar barnabætur í búseturíki barns

Tekjuár 2023	Barnabætur í erlendri mynt	Gjaldmiðill
--------------	----------------------------	-------------

### E Tekjur maka í erlendum gjaldmiðli

Tekjuár 2023	Heildartekjur í erlendri mynt	Gjaldmiðill	<input type="checkbox"/> Maki tekjulaus
--------------	-------------------------------	-------------	---

Berist tilskilin gögn ekki verður umsókninni  
synjað sem ófullnægjandi.

Dagsetning

Staðfesting umsækjanda

# Skýringar

## Almennt

Á Íslandi fá framfærendur barna yngri en 18 ára ákvarðaðar barnabætur. Fullar barnabætur eru ákvarðaðar vegna barnsins fyrir fæðingarárið en engar fyrir árið þegar barnið nær 18 ára aldri. Eingöngu framfærendur barna eiga rétt á greiðslu barnabóta. Við ákvörðun þess hver telst framfærandi barns er fyrst og fremst litið til þess hjá hverjum barnið er skráð til heimilis í árslok samkvæmt Þjóðskrá og skiptir ekki máli þótt barnið hafi ekki verið skráð þar allt árið. Sá sem greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Barnabætur eru ákvarðaðar við álagningu opinberra gjalda sem fer fram árið eftir tekjuárið og eru barnabætur greiddar út í tvennu lagi, fyrri greiðslan er 1. júní og sú síðari 1. október. Sjá nánar A. lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

## EES barnabætur

Ríkisborgarar ríkis innan hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja sem komið hafa til Íslands til að vinna og eru með barn á framfæri sem ekki er heimilisfast á Íslandi geta átt rétt á barnabótum á Íslandi. Réttur til barnabóta er þó einungis til staðar ef framfærandi er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eða hann er tryggður á grundvelli 4. eða 5. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Sækja þarf um árlega og skila nýjum gögnum.

## Ákvörðun barnabóta

Ákvörðun barnabóta er byggð á upplýsingum um fjölskyldu umsækjanda og tekjur á Íslandi og í búseturíki barns. Greiddar barnabætur í búseturíki barns koma til frádráttar greiðslu barnabóta á Íslandi. Mismunurinn er greiddur út til þess foreldris sem býr á Íslandi.

## Lífeyrisþegar búsettir erlendis

Standa ber skil á sömu fylgiskjöllum og nefnd eru í lið B á framhlið umsóknar. Þó er ekki þörf á að skila fæðingarvottorði fyrir börn sem eru fædd eða hafa búið á Íslandi. Sé barn búsett hjá einstæðu foreldri þarf ekki að skila kvittunum fyrir millifærslum til umönnunaraðila né heldur vottorði um forsjá barns.

## Afgreiðslutímar umsókna:

Ef fullnægjandi umsókn vegna yfirstandandi árs hefur borist:

- 1. apríl – afgreidd með álagningu í lok maí.
- 31. ágúst – afgreidd fyrir lok nóvember.
- Eftir þann tíma fer afgreiðsla að jafnaði fram innan þriggja mánaða.

## Spurt og svarað

### Af hverju er Skatturinn að biðja um skattframtal frá maka?

Barnabætur á Íslandi eru reiknaðar út frá tekjum framfæranda. Ef umsækjandi er giftur eða í sambúð telst sá aðili einnig framfærandi og því þarf að taka tillit til tekna þess aðila við útreikning á barnabótum. Upplýsingar um tekjur þurfa að vera staðfestar af skattfyrirvöldum í því ríki sem maki og börn búa. Upplýsingar frá almannatryggingum teljast ekki fullnægjandi upplýsingar í þessu sambandi.

### Af hverju þarf að skila inn nýju búsetuvottorði á hverju ári?

Til að eiga rétt á barnabótum á Íslandi er ekki nóg að vera foreldri, það þarf að vera með barnið á framfæri. Til að teljast vera framfærandi barns þarf að vera giftur eða vera í sambúð með þeim framfæranda sem býr með barninu í lok tekjuársins. Það er því ekki nægjanlegt að greiða meðlag með barni til að teljast framfærandi barns/barna.

### Af hverju þurfa öll gögn að vera frá árslokum 2023?

Samkvæmt íslenskum lögum skal við ákvörðun barnabóta miða við hjúskaparstöðu umsækjanda og búsetu barns í lok árs og þar sem barnabætur eru reiknaðar fyrir allt árið þurfa tekjuupplýsingar og upplýsingar um greiðslu barnabóta erlendis fyrir allt árið 2023 að liggja fyrir. Slíkar upplýsingar liggja eðli málsins samkvæmt ekki fyrir fyrr en að liðnu tekjuári.

### Hvenær fæ ég barnabætur greiddar?

Barnabætur verða greiddar út í tveimur greiðslum 1. júní og 1. október 2024.

### Fæ ég fyrirframgreiðslu barnabóta?

Almennt er ekki unnt að ákvarða EES barnabætur í fyrirframgreiðslu. Reynslan sýnir að nauðsynleg gögn, t.d. skattframtal maka sem býr erlendis, eru alla jafna ekki aðgengileg fyrir síðasta skiladag gagna vegna fyrirframgreiðslu, 28. febrúar ár hvert.